



**Ákvörðun nr. 17/2007: Beiðni Íslandspóstshf. um útgáfu persónulegra frímerkja með 50g áletrun í stað verðgildis.**

24. ágúst 2007

**I.**

**Erindið**

Með bréfi, dags. 2. apríl 2007, óskaði Íslandspóstur hf. eftir heimild Póst- og fjarskiptastofnunar, með vísan til 2. mgr. 31. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2003, til útgáfu sjálflímandi frímerkja með áletruninni **“Bréf 50 g Innanlands”** í stað áletrunar um verðgildi.

Um ástæðu þess að Íslandspóstur hafi hug á að bjóða upp á svokölluð “persónuleg frímerki” eða “Mín frímerki” á árinu 2007 er að fyrirtækið vill gefa fólki þann valkost að setja eigin mynd eða hugsanlega velja mynd úr myndabanka á frímerki. Myndin væri prentuð hérlendis inn á forprentaða frímerkjaörk með ákveðnu skilgreindu útliti.

Með þessu vilji fyrirtækið auka vöruframboð sitt og verða við óskum viðskiptavina um persónuleg frímerki og bjóða jafnframt upp á þjónustu sem orðin er velþekkt hjá mjög mörgum erlendum pósthjórnum. Vísaði Íslandspóstur einnig til samskonar þróunar á undaförunum árum þar sem bankarnir hafa boðið upp á greiðslukort með persónulegum myndum undir nafninu *“Mitt kort- hannaðu þitt eigið kort”* og að símafyrirtækin hafa boðið viðskiptavinum sínum upp á mismunandi hringitóna og skjámyndir í farsíma.

Til að hrinda “Mínum frímerkjum” í framkvæmd þurfi Íslandspóstur að láta forprenta frímerkjaarkir erlendis í stærðinni A4 fyrir 24 sjálflímandi frímerki með fyrirfram hönnuðu útliti, sem jafnframt uppfylli nokkra öryggisþætti til að koma í veg fyrir hugsanlegar falsanir frímerkjanna og sé þar farið að erlendum fyrirmyndum um slík frímerki. *[fellt út vegna trúnaðar]*

Ákveðið hafi verið að fara af stað í byrjun með eina gerð slíka forprentaðra sjálflímandi frímerkjaarka. Ef vel gangi verði hins vegar fljótlega farið að bjóða upp á tvo slíka “ramma” til að auka á fjölbreytni og valkosti neytenda. Forprentuðu frímerkjaörkunum yrði svo skipt út reglulega til að halda vörunni við og þjónustunni lifandi.

Þá kemur fram í erindi Íslandspóstshf. að forprentaðar sjálflímandi frímerkjaarkir séu töluvert dýrari í framleiðslu en sambærilegar frímerkjaarkir prentaðar á hefðbundinn 110 gsm frímerkjaappír og til að gæta hagkvæmni þurfi upplag slíkra arka að vera nokkuð stórt. Þá telur Íslandspóstur ekki forsendur fyrir útgáfu persónulegra frímerkja með föstu verðgildi. Gjaldskrárbreytingar sem yrðu gætu leitt til þess að fyrirtækið sæti uppi með

stórt upplag forprentaðra frímerkjaarka eða ramma, sem ekki yrði hægt að nota áfram í kjölfar gjaldskrárbreytinga.

Vísar Íslandspóstur einnig til þess að í Noregi og Slóveníu beri slík frímerki áletrunina A. Í Finnlandi og á Álandseyjum er áletrunin 1 klass. Í Kanada er áletrun persónulegra frímerkja hins vegar “Domestic Postage Paid”.

Í niðurlegi erindis Íslandspósts er vísað til reynslu Finna á útgáfu sambærilegra frímerkja og jákvæðrar umfjöllunar í fjölmiðlum sem varð í kjölfar þess. Aukning í sölu frímerkja og aukins bréfamagns í kjölfar útgáfunnar.

## II.

### Niðurstaða

Í 4. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002 er skilgreining á frímerki og gjaldmerki:

*Frímerki: Tegund gjaldmerkis fyrir pósthjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu. Öll frímerki skulu bera áletrunina “Ísland”.*

*Gjaldmerki: Merki sem er límt eða stimplað á póstsendingar eða fylgibréf þeirra sem tákni um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi pósthjónustu.*

Í 2. mgr. 31. gr. laga um pósthjónustu er fjallað um gjaldmerki, frímerki, dagstimplun og fleira sem lýtur að meðferð póstsendinga, en ákvæðið hljóða svo:

*“Á póstsendingar sem falla undir alþjónustu skal setja gjaldmerki sem ber með sér hvert sé gjald fyrir póstsendinguna. Gjaldmerki getur verið í formi frímerkis sem gildir sem ávísun á pósthjónustu og skal sýna verðmæti frímerkisins. Póst- og fjarskiptastofnun getur þegar sérstaklega stendur á heimilad að notuð verði, tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis. Frímerki sem hefur verið dagstimplað hættir að vera ávísun á nýja þjónustu. Gjaldmerki getur einnig verið í formi ástimplunar á póstsendingu eða fylgibréf hennar með frímerkingavél notanda eða annarri ástimplun af hálfu rekstrarleyfishafa. Í stað ástimplunar á póstsendingu má nota ástimplað gjaldmerki. Gjaldmerki önnur en frímerki skulu bera heiti viðkomandi rekstrarleyfishafa eða númer sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar honum. Póstrekendum er heimilt að taka við fjöldasendingum án þess að gjaldmerki fylgi hverri sendingu svo framarlega sem póstsendingarnar verða merktar sérstaklega og dagstimplaðar”.*

Samkvæmt ákvæðinu skal setja gjaldmerki á póstsendingar sem staðfestingu á greiðslu burðargjalds. Gjaldmerki getur einnig verið í formi frímerkis sem gildir sem ávísun á pósthjónustu og skal sýna verðmæti frímerkisins.

Tilgangur gjaldmerkis, frímerkja og áprentana um greitt burðargjald hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera sá að sýna fram á að greitt hafi verið fyrir pósthjónustu á viðkomandi sendingu. Ef litið er til skilgreiningu laga um pósthjónustu á hugtakinu frímerki, sést að frímerki skal vera ávísun á ákveðna þjónustu og sérstaklega er tiltekið að öll frímerki skuli bera áletrunina Ísland. Lýsing Íslandspósts á persónulegum frímerkjum rúmast innan þeirrar skilgreiningar sem fram kemur í lögnum og sömu réttaráhrif tengjast

útgáfunni, þ.e. að með persónulegum frímerkjum verður hægt að greiða burðargjald fyrir póstsendingar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur þegar sérstaklega stendur á heimilað að notuð verði tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis. Í greinargerð með frumvarpi til laga um pósthjónustu kemur fram að gert sé ráð fyrir að slík heimild verði veitt þegar gripið er til gjaldskrárhækkana með stuttum fyrirvara, Greinargerðin er að öðru leyti þögn um hvernig skilja á orðalagið “*þegar sérstaklega stendur á*” eða hvað átt er við með “*að notuð verði tímabundið*” Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar getur óljóst orðalag í greinargerð ekki takmarkað atvinnuréttindi og þar með viðskiptatækifæri Íslandspósts til útgáfu frímerkja með áletrun um þyngdarflokk í stað verðgildis. Ef það hefði verið ætlun löggjafans hefði þurft að kveða á um slíkt með skýrara hætti í lagatextanum sjálfum.

Póst- og fjarskiptastofnun lítur svo á með útgáfu persónulegra frímerkja með áletruninni “**Bréf 50g Innanlands**”, sé verið að auka valmöguleika þeirra sem nota pósthjónustu að því er varðar tegundir frímerkja. Þá verður ekki séð að hætta sé á því að notendur pósthjónustu skaðist á nokkurn hátt vegna þessa. Frímerki sem útbúið er af hálfu kaupanda heldur t.d. verðgildi, sem ávísun á pósthjónustu innan þess þyngdarflokks sem tiltekin er á frímerkinu, óháð því hvort gjaldskrárbreyting hafi orðið frá því frímerkið var keypt. Þá verður að telja að þeir öryggisþættir sem tilgreindir eru í erindi Íslandspósts séu fullnægjandi.

Eitt af verkefnum Póst- og fjarskiptastofnunar er m.a. að tryggja að alþjónusta þróist í takt við þarfir notenda, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um pósthjónustu. Eins og fram kemur í erindi Íslandspósts hafa erlend pósthjónustur gefið út sambærileg frímerki og Íslandspóstur óskar eftir að gefa út um nokkurt skeið. Með útgáfu persónulegra frímerkja hyggst fyrirtækið nú gera líkt hið sama og þá um leið höfða til nýs markhóps og auka valmöguleika neytenda. Í því ljósi telur stofnunin einnig rétt að veita undanþágu frá skilyrði laganna um að frímerki skuli sýna ákveðið verðgildi.

Með vísun til ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun að þau sjónarmið sem rakin eru hér að ofan rúmist innan orðalags laganna: “*þegar sérstaklega stendur á*” og heimilar Íslandspósti útgáfu frímerkis með áletruninni: “**Bréf 50 g Innanlands**”. Vegna eðlis þessarar útgáfu eru ekki forsendur til að tímabinda heimild Íslandspósts til útgáfu persónulegra frímerkja.

### III.

#### Ákvörðunarorð

**Íslandspósti hf. er hér með veitt heimild til að gefa út persónuleg frímerki með áletruninni “Bréf 50g Innanlands”.**

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Friðrik Pétursson